

## Reglur fyrir Samræmdra vefmælingu® á Íslandi

### I. Markmið og leiðir

Markmið Samræmdrar vefmælingar® er að birta hlutlægar upplýsingar um notkunina á tilgreindum vefjum til þess að sýna mikilvægi Internetsins sem miðils og til leiðbeiningar fyrir auglýsendur, stjórnendur og starfsmenn vefjanna, og síðast en ekki síst markaðinn almennt.

Markmiðið næst með því að birta áreiðanlegar upplýsingar um:

1. Fjöldi vikulegra notenda í einkvæmri mælingu.
2. Fjöldi notkunartilvika (fjöldi heimsóknna) á viku.
3. Fjöldi sótttra vefskjala (fjöldi flettinga) á viku
4. Hlutfall innlendarar notkunnar.

Listinn, sem skráður er undir vörumerkinu “Samræmd vefmælingu®”, skal birtur vikulega á Internetinu. Heildartölur vefjanna skulu birtar undir veffangi (léni) vefsins og undir nafni útgefanda. Tölur einstakra vefhluta skulu birtar undir nafni vefhlutans (sjá nánar í V. lið).

Framkvæmdin á Samræmdri vefmælingu® er í höndum Modernus sem er deild í Internet á Íslandi hf. Modernus annast tæknilega útfærslu, þróun og rekstur kerfisins á bak við þjónustuna og annast enn fremur birtingu á lista Samræmdrar vefmælingar.

### II. Skilyrði fyrir þátttöku í Samræmdri vefmælingu® á Íslandi.

Öll vefsetur í eigu íslenskra lögaðila og einstaklinga með lögheimili á Íslandi, sem uppfylla lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti, geta tekið þátt í Samræmdri vefmælingu® með því að gangast undir reglur þessar og gera samning þar um við rekstraraðila vefmælingarinnar. Ef deila kemur upp um hæfi vefjar til þátttöku skal úrskurðarvald liggja hjá Internet á Íslandi hf. Sérstaklega er bent á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 um útgefendur skuli veita skuli lágmarksupplýsingar um þjónustuveitandann á bak við vefinn, á áberandi og aðgengilegum stað á vefnum. Nauðsynlegt er vefirnir veiti allar eftirfarandi upplýsingar með skýrum hætti á vefnum, eða einstökum vefhlutum:

1. **Nafn þjónustuveitanda**, ef lögpersóna þá nafn eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá, firmaskrá eða annari opinberri skrá.
2. **Heimfang** þar sem hann (þjónustuveitandinn) hefur staðfestu. Staðfesta er sá staður sem þjónustan (vefurinn eða vefhlutinn) er starfrækt í raun gegnum fasta atvinnustöð, óháð því hvar vefsíða er vistuð eða netþjónn staðsettur.
3. **Kennitölu**.
4. **Netfang** (e-mail), símanúmer og faxnúmer, sem gerir mögulegt að hafa samband við forsvarsmenn vefsins með greiðum hætti.
5. **Virðisaukaskattsnúmer þjónustuveitanda**. Ef það er til
6. **Upplýsingar um opinbera skráningu vefsins** (fyrirtækisins) s.s. hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá og hvar hún er vistuð. Ekki er nægilegt að tilgreina skamstöfun á félagsformi.
7. **Leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi er háð leyfum**. Sjá nánar í lögnum ef um lögverndaða starfsemi er að ræða. Markmiðið með framangreindum upplýsingum er að gera viðskiptamönnum, t.d. kaupendum auglýsinga og öðrum markaðsaðilum kleift að ná sambandi við þann sem rekur vefinn.

Vefsíður og vefmiðlar sem birta eða selja aðgang að ólöglegu, meiðandi eða niðrandi efni, grófu klámi, eða öðru efni sem kann að særa blygðunarkennd almennings eiga ekki erindi í Samræmda vefmælingu®. Úrskurðaraðili í þessum efnum er samráðshópur um Samræmda vefmælingu.

### III. Birting

Niðurstöður mælinganna skulu að jafnaði birtar fyrir hádegi á mánudögum, eða eins fljótt og aðstæður leyfa.

Listi Samræmdrar vefmælingar yfir 25 efstu vefina, raðað eftir fjölda vikulegra notenda má birta í prentmiðli og skal þá deila kostnaðinum af þeirri birtingu milli þeirra 25 vefja sem mynda listann hverju sinni. Þátttakendum er heimilt að birta og vitna í listi Samræmdrar vefmælingar®, að hluta til eða í heild sinni, á eigin vef, í auglýsingum, eða með öðrum hætti, sé heimildarinnar getið með þessu hætti: Heimild: Modernus.

#### IV. Reglur varðandi vefmælinguna

Mælingin fer þannig fram að útgefandi vefmiðils setur þar til gerðan mælikóða inn á allar síðurnar, sem mæla skal notkunina á skv. nánari reglum sem settar eru af Modernus og miðað við þær aðferðir og tækni sem notaðar eru við mælinguna hverju sinni.

Um mælinguna gildir:

1. Einungis skal telja hverja síðu einu sinni fyrir hvert sinn sem hún er sótt af vafra.
2. Einungis vefsíður sem eru almennt aðgengilegar eða bjóða þjónustu sem er almennt aðgengileg, eru hæfar í Samræmda vefmælingu®. Lokaðir vefhlutar þar sem almenningi gefst kostur á aðgangi gegn skráningu, hvort heldur gegn gjaldi eða án endurgjalds, s.s. aðgangur að gagnasöfnum, vefpósti, netttímari, eða öðru sem bundið er innskráningu notenda, teljast með sama hætti og aðrar vefsíður.
3. Vefsíður geta einungis tilheyrt einum vef eða vefhluta í talningu, jafnan þeim vef eða vefhluta sem efni síðunnar birtist innan eða tileyrir á annan efnislegan hátt. Hér úrskurðar Samráðshópur Samræmdar vefmælingar®.
4. Einungis síður sem notandi hefur sjálfur flett upp með einhverjum hætti, s.s. með að slá inn vefslóð, smella á tengil á vefsíðu, í tölvupósti, eða annars staðar, eða með öðrum þeim hætti sem tíðkast á Veraldarvefnum, skulu taldar
5. Síður sem senda notanda áfram á aðrar óskyldar síður eða vefhluta (“forward” – “meta-refresh” sjálfvirkt redirect) eru ekki taldar (og mega því ekki innihalda mælikóðann), heldur einungis síðan sem vísar notandanum beint til sín.
6. Síður sem uppfærast sjálfkrafa, s.s. til að viðhalda “lífandi” efni, skulu einungis taldar í fyrsta skipti sem þeim er slegið upp í hverju innliti.
7. Framkvæmdaaðili getur sett nánari skilyrði varðandi innsetningu og notkun mælikóða.

#### V. Reglur um vefi, vefhluta og vefhlutamælingu

##### A. Lágmarksskilyrði

Til að vefsíður eða vefhlutar teljist tilheyra einum og sama vefnum og birtast sem slíkir á listi Samræmdrar vefmælingar og í vikulegum yfirlitum yfir umferð, skal miðað við eftirfarandi:

1. Að allar síður með mælikóða séu undir sama aðalléninu (second level domain). Séu síður einnig aðgengilegar undir öðrum lénum skal notandinn færður á aðallén vefjarins.
2. Að vefurinn sé rekinn á einni hendi, af einu fyrirtæki, eða einstaklingi (Sjá V. E varðandi samstarf og sameiningu vefja).
3. Að vefurinn lúti ritstjórn eins aðila sem ber ábyrgð á innihaldi hans.
4. Að vefurinn uppfylli upplýsingaskyldu þjónustuveitenda samkvæmt lögum nr. 30/2002 um rafræn viðskipti. vefir sem selja vöru eða þjónustu uppfylli sérstaklega lög nr. 46/2000 um húsgöngu-og fjarsölusamninga.
5. Að vefsíður sem tilheyra sama vefnum verða að hafa sameiginleg og ótvíræð tilgreind einkenni (sjá V. B), sem gefa notendum skýrt og ótvírætt til kynna hvaða vef þær tilheyri.

##### B. Sameiginleg og ótvíræð auðkenni

Allar vefsíður, eða því sem næst, tiltekins vefs þurfa að hafa ákveðin sameiginleg og ótvíræð auðkenni. Hér er það haft að leiðarljósi að notendur vefsins hafi ótvírætt á tilfinningunni að allar vefsíður sem um ræðir tilheyri sama vefnum (sameiginlegt “look-and-feel”). Miðað skal við að vefsíðurnar uppfylli a.m.k. eftirfarandi skilyrði:

1. Heildarhönnun síðunnar (litasamsetning, letur, uppröðun efnis o.s.frv.) sé með þeim hætti að hinn almenni notandi sjái strax samkennt hennar með öðrum síðum á viðkomandi vef.
2. Efst á síðunni sé merki viðkomandi vefs sem hægt er að smella á til að komast á forsíðu vefjarins. Merkið sé a.m.k. 60x25 dílar að stærð.

Komi upp ágreiningur varðandi þetta skal úrskurðunarnefnd Samræmdar vefmælingar taka málið fyrir.

### *C. Mælikóði í rammaskiptri síðu*

Auk ofangreindra lágmarksskilyrða þarf síða sem skipt er upp í fleiri en einn ramma, þar sem hver rammi er að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Mælikóðinn má einungis vera í einum þeirra ramma sem vafrinn sækir til að birta ákveðna skjáfylli.
2. Til þess að viðkomandi síða megi teljast með í tölum sem birtar eru á lista Samræmdar vefmælingar þarf ramminn sem kóðinn er í að þekja að minnsta kosti 40% af skjáplássinu miðað við vafra með skjáupplausnina 800x600.
3. Almenn skal miðað við að mælikóðinn sé einungis í rammanum með megininnihaldi síðunnar frá sjónarhóli hins almenna notanda.
4. Ekki mega vera mælikóðar frá tveimur mismunandi vefjum í sömu skjáfyllinni.

### *D. Vefhlutar*

Útgefandi getur ákveðið að skipta mælingu á vef sínum upp í vefhluta og birta aðsóknartölur sumra eða allra vefhlutanna á lista Samræmdrar vefmælingar. Þessi skipting er honum í sjálfsvald sett, nema þegar um er að ræða sameiningu tveggja vefja (sjá V.E). Um vefhlutana gilda eftirtaldir takmarkanir:

1. Ef vefhlutagreining er virk á tilteknum vef skal sérhver vefsíða á honum teljast til einhvers (og aðeins eins) vefhluta.
2. Heiti vefhluta sem aðsóknartölur eru birtar um á lista Samræmdrar vefmælingar skulu almennt vera í góðu samræmi við innihald þeirra síðna sem til þeirra teljast. Ekki má birta tölur um tiltekinn vefhluta meðan Samráðshópurinn telur að heiti hans sé gróflega villandi.

### *E. Samstarf eða sameining tveggja vefja*

Tveir vefir geta ákveðið að hefja samstarf sín á milli sem hefur í för með sér að annar vefurinn verður innlimaður í hinn eða að báðir gömlu vefirnir renna saman inn í nýjan vef. Í þessu tilfelli má víkja frá skilyrðinu (V. A. 2) um sameiginlegan rekstur og eignarhald, enda séu önnur lágmarksskilyrði (V. A) uppfyllt, þ.m.t. skilyrðin um sama aðallén og sameiginlega ritstjórn. Sömuleiðis geta tveir mismunandi vefir í eigu sama aðila sameinast með svipuðum hætti. Við slíkan samruna vefja þarf þó að uppfylla eftirtalin viðbótarskilyrði:

1. Tilkynna þarf framkvæmdaraðila mælingarinnar (Modernus) og samráðshópi um Samræmda vefmælingu um fyrirhugaða sameiningu a.m.k. viku fyrir flutning vefsvæðis og breytingar á mælikóða.
2. Hafi báðir vefir verið á lista Samræmdar vefmælingar verður hinn sameinaði vefur að birta

vefhlutamælingu svo að auðveldlega sé hægt að sjá hlutdeild hvors hins upphafslega vefjar í heildartölum hins nýja vefjar. Vefhlutamælingunni þarf að halda áfram í a.m.k. 6 mánuði eftir sameiningu vefjanna.

#### VI. Samráðshópur um Samræmdra vefmælingu®

Svonefndur Samráðshópur um Samræmda vefmælingu kemur að gerð reglna þessa, þróun þeirra og túlkun, sem ráðgefandi aðili. Hópurinn skal myndaður af fulltrúum vefjanna, ásamt fulltrúa frá Modernus.

#### VII. Ábendingar og úrskurðir

Erindum er varða framkvæmd Samræmdrar vefmælingar skal beint til forsvarsmanna Samræmdrar vefmælingar, sem skipta með sér verkum, en bera sameiginlega ábyrgð á afgreiðslu erinda og eftirfylgni.

1. Modernus sér um eftirlit með vefjunum og kannar reglulega hvort framkvæmd mælinga 25 efstu vefjanna á lista samræmdrar vefmælingar sé í samræmi við reglur þessar. Berist ábendingar eða athugasemdir varðandi framkvæmd mælingar s.s. uppsetningu mælingarkóða sér Modernus, framkvæmdaraðili samræmdrar vefmælingar, um tæknilega yfirferð á að vefirnir sem birtast á lista Samræmdrar vefmælingar uppfylli reglur þessar. Modernus, í samráði við Samstarfshóp um Samræmda vefmælingu, úrskurðar í deilumálum.
2. Geri ofangreindir aðilar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd mælingar á vef skulu þær settar fram skriflega við ábyrgðaraðila viðkomandi vefjar, með vitneskju Samráðshóps Samræmdrar vefmælingar, gerist þess þörf skv. mati forsvarsmanna Samræmdrar vefmælingar.
3. Samningsaðili (umsjónarmenn vefja) skulu framkvæma breytingar skv. ábendingu, eins fljótt og auðið er.
4. Rísi ágreiningur um reglur þessar og túlkun þeirra skulu aðilar máls koma röksemdum sínum eins fljótt og auðið er til framkvæmdaraðila Samræmdrar vefmælingar, sem kalla saman fyrrnefndan samstarfshóp ef þörf krefur. Þátttakendur í samráðshópi Samræmdrar vefmælingar er heimilt að fara fram á fund í samráðshópnum telji þeir ástæðu til.
5. Ef sannað þykir að samningsaðili fylgi ekki reglum þessum er heimilt aftengja vefinn sem í hlut á birtingagrunni Samræmdrar vefmælingar®. Tölur viðkomandi vefjar verða birtar aftur þegar talið er að ofangreindar reglur séu uppfylltar.
6. Ef upp kemur deila í um samráðshópi um Samræmda vefmælingu skal úrskurður Internet á Íslandi hf. gilda.

Að öðru leiti er vísað til verksamnings um Samræmda vefmælingu ásamt fylgiskjölum.

Allir vefir sem taka vilja þátt í samstarfinu um Samræmda vefmælingu® samþykkja ofangreindar reglur rafrænt með því að fylla út samningsform Samræmdrar vefmælingar, sem vistað er á vef Intís og Modernus og tengir vefinn rafrænt birtingagrunni Samræmdrar vefmælingar.

Einungis yfirnotendur (superuser) viðkomandi vefjar getur samþykkt þáttöku vefjar í Samræmdri vefmælingu fyrir hönd útgefanda.

Reykjavík, 31. október 2008

Einar Bjarni Halldórsson tölvunarfr. Fulltrúi Modernus í samráðshópi.

Nöfn fulltrúa vefjanna í samráðshópi um Samræmda vefmælingu: